

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 51

27. árgangur

30.7.2020

I	EES-STOFNANIR	
1.	Sameiginlega EES-nefndin	
II	EFTA-STOFNANIR	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
III	ESB-STOFNANIR	
1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/51/01	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9831 – OMV/Borealis) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	1
2020/EES/51/02	Leiðrétting á tilkynningu um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9884 – Thoma Bravo/Madison Dearborn Partners/Axiom) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	2
2020/EES/51/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9899 – KKR/Koos Holding Cooperatief) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2020/EES/51/04	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9803 – SAZKA Group/OPAP)	4

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/51/01

(mál M.9831 – OMV/Borealis)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 6. júlí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- OMV Aktiengesellschaft („OMV“, Austurríki).
- Borealis AG („Borealis“, Austurríki).

OMV nær eitt yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Borealis.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- OMV: starfar um allan heim við leit, þróun og framleiðslu á olíu og gasi. Fyrirtækið starfrækir einnig hreinsunarstöðvar í Austurríki, Þýskalandi og Rúmeníu sem framleiða og selja fljótandi jarðolíugas, þotuelsneyti, nafta, bensín, dísilolíu, léttu brennsluolíu, þunga brennsluolíu, brennistein og kalkað koks ásamt því að versla með og selja gas og eiga gasleiðslukerfi og geymsluáðstöðu fyrir gas.
- Borealis: starfar á sviði framleiðslu og verslunar með pólýólefin, undirstöðuíðefni og áburð. Fyrirtækið er sem stendur undir sameiginlegum yfirráðum OMV og fjárfestingarfélagssins Mubadala, Abú Dabí, Sameinuðu arabísku furstadæmanna („Mubadala“, Sameinuðu arabísku furstadæmin).

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 249, 29.7.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9831 – OMV/Borealis

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Leiðrétting á tilkynningu um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja **2020/EES/51/02**
(mál M.9884 – Thoma Bravo/Madison Dearborn Partners/Axiom)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

Eftirfarandi leiðrétting, sem endurspeglar leiðréttingu sem er birt í Stjttíð. ESB C 249 frá 29. júlí 2020, er gerð í EES-viðbæti nr. 43 frá 2. júlí 2020.

Í fyrstu línu 1. liðar á blaðsíðu 13:

í stað: „25. júní 2020“

kemur „26. júní 2020“.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.9899 – KKR/Koos Holding Cooperatief)

2020/EES/51/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. júlí 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- KKR & Co. Inc. („KKR“, Bandaríkjunum).
- Koos Holding Coöperatief U.A. („Koos Holding“, Hollandi).

KKR nær eitt yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Koos Holding í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- KKR: alþjóðlegt fjárfestingarfyrirtæki sem býður fjárfestum fjölbreytt úrval annars konar eignasjóða og annarra fjárfestingarafurða sem og lausnir tengdar fjármagnsmörkuðum fyrir fyrirtæki, félög í eignasafni þess og aðra viðskiptavinum.
- Koos Holding: fyrirtæki sem þróar og endurnýjar skemmtigarða sem það annaðhvort stjórnar og starfrækir sjálf eða sem það tekur þátt í sem bókunaraðili. Skemmtigarðarnir eru starfræktir undir heitinu „Roompot“ og bjóða upp á hefðbundin tjaldstæði með tjöldum og bústöðum og síðan stærri og fburðarmeiri bústaði. Koos Holding starfrækir skemmtigarða í Hollandi og Þýskalandi og starfar sem bókunaraðili fyrir skemmtigarða í Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Danmörku.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjóri. ESB (C 251, 31.7.2020). Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9899 – KKR/Koos Holding Cooperatief

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóri. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóri. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9803 – SAZKA Group/OPAP)

2020/EES/51/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 15. júlí 2020 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32020M9803. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.